

Byggðarráð Dalabyggðar

Miðbraut 11

371 Búðardalur

08.01.2023

Á íbúafundi DalaAuðs í nóvember 2023, var rædd staða sjúkraþjálfunar í Búðardal. Mikil vinna hefur verið lögð í að byggja upp aðstöðu fyrir sjúkraþjálfara í Búðardal en erfiðlega hefur gengið að fá sjúkraþjálfara til starfa. Vöntun er á þjónustunni í byggðarlaginu og fjölmargir sem sækja hana utan þess.

Meðal þess sem bent var á á íbúafundinum var að Sjúkratryggingar Íslands greiða þeim sem þurfa að sækja sjúkraþjálfun fyrir aksturinn en ekki sjúkraþjálfaranum sjálfum, ef hann keyrir á milli landshluta til að veita þeim þjónustuna. Það verður að segjast að það er hagkvæmara að greiða einum sjúkraþjálfara akstur í byggðarlagið, heldur en að greiða öllum íbúum akstur sem leita þurfa þjónustunnar annað. Í fámennum byggðarlögum geta slíkar greiðslur einnig skipt máli upp á að hægt sé að veita þjónustu í heimabyggð, því vöntun er á sérfræðingum og greiðslurnar gætu aukið hvatann til að veita þjónustuna í fámennari byggðum.

Ég vil með erindi þessu óska eftir því að Byggðarráð Dalabyggðar kanni vilja ríkis til að endurskoða verklagið og skoða hvort hægt sé að gera sjúkraþjálfurum kleift að sækja um akstursstyrk, vegna vinnu langt frá lögheimili eða almennri starfsstöð sinni.

*Virðingarfyllst,*

f.h. verkefnisstjórn DalaAuðs



Linda Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri DalaAuðs